

# Samstarfssamningur

## Háskóla Íslands og Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, um kennslu og rannsóknir í félags- og heilbrigðisví sindum

### **1. Inngangur**

---

#### **1.1 Aðilar**

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 vegna viðkomandi fræðasviða og háskóladeilda annars vega og Reykjalundur kt. 680172-0139 hins vega.

#### **1.2 Forsendur**

Samningur þessi er gerður með vísan til laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og til sérreglna háskólans sem gilt geta um nám í einstökum greinum. Jafnframt með vísan til laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Reykjalundur tekur að sér að vera vettvangur verklegrar kennslu í klínísku námi fyrir nemendur í heilbrigðisgreinum, s.s. læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, sálfræði, lífeindafræði, talmeinafræði, matvæla- og næringarfræði og í tengdum greinum, s.s. félagsráðgjöf og heilsuþjálfun (fþróttu- og heilsufræði).

#### **1.3 Staðfesting og gildistími**

Samningurinn tekur við af samningi aðila frá september 2010 og tekur gildi er hann hefur hlotið samþykki rektors og framkvæmdastjórnar Reykjalundar.

Samningurinn er ótímabundinn og uppseggjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Heimilt er að gera breytingar á honum með sameiginlegri ákvörðun samningsaðila.

#### **1.4 Samstarfsnefnd**

Í samstarfsnefnd um málefni samningsins og samskipti samningsaðila sitja fjórir einstaklingar skipaðir til þriggja ára í senn. Tveir eru skipaðir af háskólarektor og tveir af framkvæmdastjórn Reykjalundar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er:

- Að sjá um framkvæmd samningsins og undirsamninga er honum tengjast og gera áætlanir um framkvæmdaatriði þeirra. Áætlanir um fjölda námsplássa og skiptingu á fagsvið Reykjalundar, stundafjölda í verklegu námi og vinnuframlag starfsfólks Reykjalundar til kennslu, skal liggja fyrir í júní ár hvert fyrir næsta háskólaár.
- Að fjalla um sameiginleg málefni, svo sem ný störf sem krefjast akademísks hæfis og breytingar á störfum og starfsaðstöðu sem tengist báðum stofnunum, þar á meðal að gera tillögur til framkvæmdastjórnar Reykjalundar um samhliða störf skv. þessum samningi. Samstarfsnefnd skal komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu starfs og starfsskyldur áður en starf er auglýst. Þá tekur samstarfsnefnd sameiginlega ákvörðun um þá háskólamenn sem fá tengda stöðu innan Reykjalundar sbr. 3. gr. og hvaða skilmálar gilda um slík starfstengsl.

- Að fjalla um verklega kennslu og rannsóknatengt nám á Reykjalundi. Einnig um sameiginlegar vísindarannsóknir í samráði við vísindaráð Reykjalundar.
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.
- Að úrskurða um túlkun einstakra þáttu samnings þessa.

Samstarfsnefnd um málefni samningsins skal halda fund einu sinni á hverju vormisseri, en ella eftir því sem þörf er á.

Dagleg umsjón og eftirlit með framkvæmd samningsins er í höndum stjórnsýslu Heilbrigðisvísindasviðs HÍ og skrifstofu framkvæmdastjóra lækninga á Reykjalundi.

## **2. Markmið, hlutverk og gildissvið**

---

Tilgangurinn með gerð samningsins er að efla samstarf Háskóla Íslands og Reykjalundar með það fyrir augum að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir. Markmið samningsins eru:

- Að styrkja nýliðun fagfólks í endurhæfingu.
- Að starfsfólk Reykjalundar og nemendur og starfsfólk HÍ hafi greiðan og gagnkvæman aðgang að sérþekkingu.
- Að stuðla að framgangi vísindarannsókna á Reykjalundi m.a. með því að Reykjalundur taki til sín nema í rannsóknatengt nám samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni, með gagnkvæmu aðgengi að gögnum, gagnavinnslu og annarri aðstöðu til fullvinnslu rannsókna í samræmi við reglur hvorar stofnunar fyrir sig.

*Hlutverk Háskóla Íslands er einkum að:*

1. Annast menntun í félags- og heilbrigðisvísindagreinum
2. Bera faglega ábyrgð á kennslu, námsefni, efnistökum og prófum.
3. Standa fyrir klínískum rannsóknum og grunnrannsóknum í félags- og heilbrigðisvísindagreinum.
4. Sjá til þess að starfsfólk sem annast kennslu og rannsóknir á vegum HÍ uppfylli akademískar kröfur.
5. Taka þátt í þróun greiningar- og meðferðarvinnu í endurhæfingu.

*Hlutverk Reykjalundar er einkum að:*

1. Veita bestu mögulega endurhæfingarþjónustu sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur skv. áætlun heilbrigðisráðherra og landlæknis um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustunni til ársins 2030 (frá 2018).
2. Þróa starfsemina til bættrar þjónustu við skjólstæðinga stofnunarinnar.
3. Vinna út frá hugmyndafræði endurhæfingar þar sem þverfagleg teymisvinna er undirstaða starfseminnar.

*Háskólahlutverk Reykjalundar er einkum að:*

1. Vera vettvangur verklegrar kennslu háskólanema í félags- og heilbrigðisvísindagreinum.
2. Vera vettvangur fyrir framhaldsnám í félags- og heilbrigðisvísindum.

3. Stunda fræðilegar rannsóknir á sviði endurhæfingar og taka þátt í alþjóðastarfí.
4. Veita fræðslu til almennings og fagmanna á sviði endurhæfingar m.a. með útgáfu fræðsluefnis og námskeiðahaldi.

Samningur þessi gildir um samskipti og samvinnu HÍ og Reykjalundar um kennslu, rannsóknir og þjálfun í félags- og heilbrigðisvísindagreinum sem kenndar eru við HÍ og stundaðar eru innan Reykjalundar. Samningurinn tekur einnig til samvinnu um þróun þeirrar þjónustu sem veitt er í endurhæfingu, þar á meðal endurmenntun starfsfólks. Nánari útlistun samvinnu í einstökum greinum kemur fram í viðauka sem uppfærður skal reglulega, sbr. grein 4.

### **3. Starfsmannamál**

---

#### *3.1 Skilgreiningar á störfum háskólamanna*

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla er heimilt að tengja starf háskólakennara tilteknu starfi utan háskólans. Þetta fyrirkomulag felur í sér að um er að ræða two launagreiðendur.

Almenn skilgreining á störfum háskólamanna felur í sér að þeir sinni þremur meginþáttum: rannsóknum, kennslu og stjórnun / þjónustu. Í 15. gr. laga um opinbera háskóla er háskólaráði og deildum markað svigrúm til þess að útfæra þessa skiptingu með nokkuð sveigjanlegum hætti.

#### *3.2 Starfstengsl*

Heimilt er að tengja störf fastra kennara HÍ starfi á Reykjalundi í samræmi við 30. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 þar sem rektor er heimilt með samningi að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans. Eftir atvikum munu aðilar í sameiningu á vettvangi samstarfsnefndar um málefni samningsins skilgreina slík samhliða störf, en um þau eru gerðir tveir ráðningar-samningar.

#### *3.3 Kennsla í verklegu námi*

Háskóladeildir og einstakir kennrarar geta, að fengnu samþykki framkvæmdastjóra lækninga og yfirmanns viðkomandi fagsviðs innan Reykjalundar, leitað til starfsmanna hans um kennslu nemenda í verklegu námi á Reykjalundi. Auk starfa sinna taka þessir starfsmenn því þátt í verklegri kennslu með því að leiðbeina nemendum við úrlausn viðfangsefna í samræmi við námslýsingu og/eða óskir viðkomandi háskólakennara. Þessi kennsla er undir umsjón og á faglegri ábyrgð kennara HÍ og starfsmenn Reykjalundar bera ekki ábyrgð á skipulagi kennslu eða prófum.

#### *3.4 Leiðsögn og kennsla í rannsóknatengdu námi*

HÍ og Reykjalundur starfa saman að því að skapa aðstöðu eftir föngum fyrir rannsóknatengt nám samkvæmt nánari afmörkun. Námið skal vera undir yfirumsjón og á ábyrgð kennara við HÍ en í samstarfi við starfsmenn Reykjalundar. Reykjalundur getur nýtt sér vinnuframlag nemenda/kennara og niðurstöður rannsóknavinnunnar samkvæmt sérstöku samkomulagi hverju sinni.

### *3.5 Endurmenntun starfsmanna Reykjalundar*

HÍ og Reykjalundur munu á grundvelli samnings þessa taka þátt í endurmenntun háskólamenntaðra starfsmanna Reykjalundar, með því að veita þeim eftir föngum aðgengi að námskeiðum innan háskóladeilda. Samstarfsnefnd skal gera áætlun um framkvæmd þessa samningsákvæðis.

### *3.6 Akademísk gestastörf*

Til þess að tryggja markmið þessa samnings um náið og gagnkvæmt samstarf HÍ og Reykjalundar munu forsetar Félagsvísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í umboði rektors, og eftir atvikum forsetar annarra fræðasviða, stefna að því að bjóða völdum starfsmönnum Reykjalundar að gegna akademískum gestastörfum við deildir, sbr. 13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og verklagsreglur um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands, samþ. í háskólaráði 14. apríl 2016, sbr. [https://www.hi.is/sites/default/files/sigs/Skjol/verklagsreglur\\_um\\_akademisk\\_gestastorf\\_april2016.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/sigs/Skjol/verklagsreglur_um_akademisk_gestastorf_april2016.pdf)

Einstaklingar sem valdir eru til að gegna akademískum gestastörfum skulu ótvírætt uppfylla sömu kröfur um faglegt hæfi og gerðar eru til þeirra sem starfa við kennslu og sjálfstæðar rannsóknir innan Háskóla Íslands.

## **4. Fræðasvið, deildir, kennslugreinar og námsleiðir**

---

Samstarf um verklegt nám og önnur atriði þessa samnings fer fram á grundvelli einstakra deilda eða námsbrauta innan deilda HÍ, sem annast kennslu og rannsóknir á fræðasviðum Háskólans.

Deildarforseti, ásamt forsvarsmönnum námsleiða og öðrum kennurum, hafa umsjón með skipulagi kennslu og rannsókna á fræðasviðinu. Hlutverk hans er að hafa forystu um og samræma akademískt starf deilda og skipulag kennslu innan hennar. Hann skal einnig með öðrum forstöðumönnum samræma akademískt starf fræðasviðsins sem deildin tilheyrir.

Í viðauka með samningi þessum, sem uppfærður skal reglulega, kemur fram hver af deildum og kennslugreinum HÍ tengjast fagsviðum Reykjalundar, sbr. grein 2.

## **5. Nemendur**

---

Við upphaf á verklegu námi á fagsviðum Reykjalundar skal kynnt fyrir hverjum nemanda hvaða sameiginlegir skilmálar HÍ og Reykjalundar gilda um þátttöku hans í náminu, meðal annars um þagnarskyldu. Við störf nemanda tengd námi gilda ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 (16. gr.) meðan á klínísku námi/vettvangsnámi stendur, enda er þátttaka þeirra í þjónustu við skjólstæðinga á ábyrgð þeirra starfsmanna Reykjalundar sem leiðbeina þeim hverju sinni.

Nemendur HÍ sem stunda verklegt nám/rannsóknatengt nám hjá Reykjalundi samkvæmt samningi þessum hafa aðgang að bókasöfnum og upplýsingaþjónustu. Þegar kemur að vinnu með skjólstæðingum skulu nemendur, eftir því sem við á, uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna Reykjalundar.

7AB / 34

## **6. Rekstur og fjárhagsleg samskipti**

Almennt gildir að samið er um laun fyrir vinnustundir þeirra starfsmanna sem bera sérstaka ábyrgð á og taka að sér umfangsmikla kennslu á Reykjalundi. Það er í höndum viðkomandi einstaklings og háskóladeildar eins og aðrir stundakennara-samningar, með vitorði beggja stofnana.

Háskóladeildir greiða Reykjalundi vegna rannsóknatengds náms samkvæmt dagvinnutaxta stundakennara hverju sinni og samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi í hvert sinn. Að því marki sem ekki er um annað samið greiðir hvor aðili um sig sinn kostnað af framkvæmd samningsins eða framkvæmd einstakra verkefna.

## **7. Vísindarannsóknir og þróunarverkefni**

Aðilar munu vinna að stefnumótun um vísindi og rannsóknastörf sem tengjast markmiðum þessa samnings, með það í huga að efla akademískt rannsókna- og vísindastarf og styrkja þjónustuhlutverk Reykjalundar. Sérstaklega verður tekið mið af stefnu HÍ og Reykjalundar. Í þágu rannsóknafrelsис skal eftir fögum tryggja greiðan aðgang að rannsóknaviðfangsefnum og heilsufarsupplýsingum í þágu skilgreindra rannsóknaverkefna starfsmanna HÍ og Reykjalundar. Tryggt skal að öllum öryggiskröfum persónuverndarlagu og annarra laga um afhendingu persónuupplýsinga sé fullnægt.

Þá munu samningsaðilar vinna að eflingu þverfaglegra rannsókna í heilbrigðisvísindagreinum og leitast við að efla rannsóknasamstarf við aðra aðila innan og utan lands. Vísindagreinar með aðkomu beggja skulu birtar sameiginlega í nafni Reykjalundar og HÍ.


Samstarfsnefndin mun setja reglur um samvinnu við vísindarannsóknir og þróunarverkefni. Þar verði lýst skilyrðum um aðgang að heilsufarsupplýsingum og skjólstæðingum Reykjalundar og þeim formlegu leiðum sem beiðnir um rannsóknarverkefni þurfa að fara eftir.

Við rannsóknir og verkefni samkvæmt starfssamningi þessum skal gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og viðslu persónuupplýsinga. Enn fremur skal gæta ákvæða reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 286/2008 og fyrirmæla Vísindasiðaneftnar.

Reykjavík, 13. desember 2019.




Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands



Stefán Yngvason  
starfandi framkvæmdastjóri lækninga,  
Reykjalundi endurhæfingarmiðstöð

Vottar:



## Viðauki I

### Um kennslu háskólanema á Reykjalundi

#### Læknar og samstarfsfólk:

##### *Hjarta- og lungnaendurhæfing – Reykjalundi*

1. morgun á haustmisseri Kl. 8.15 – 12

Hjartaendurhæfing,

Lungnaendurhæfing – Hans Jakob Beck, læknir

Þjálfunaraðstaða kynnt

Uppbygging þjálfunar – þolþjálfun

Tilfelli skoðuð

##### *Endurhæfing sjúklinga með langvarandi verki – Reykjalundi 6. desember*

2. morgun á haustmisseri Kl. 8.15 – 12

Verkir og verkjameðferð 1

Verkir og verkjameðferð 2

Hópavinna – hver hópur hittir sjúkling og kynnir sér sögu hans.

Teymisfundir um sjúklingatilfellen. Þátttakendur: sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafi og læknir hvers sjúklings (4-5 fagaðilar fyrir hvern sjúkling)

HAM meðferð hjá verkjasjúklingum og almennar umræður

#### Sjúkraþjálfarar:

Sjúkraþjálfarar á sjúkraþjálfardeild Reykjalundar annast kennslu við námsbraut HÍ í sjúkraþjálfun.

#### 1. *Bóklegt nám:*

#### Á 3. ári:

1. SJÚ 612 G Heilsuefling

2. SJÚ 508 G Sjúkdóma- og sjúkraþjálfunarfræði. Bækjun og gigt
3. SJÚ 509 G Heilsusálfræði og geðsjúkraþjálfun
4. SJÚ 609 G Sjúkdóma- og sjúkraþjálfunarfræði taugakerfis
5. SJÚ 511 G Innri líffæri og húð, hjarta- og lungnasjúkraþjálfun

**Á 4. ári:**

i. SJÚ 104 F Sjúkraþjálfunarfræði stoðkerfis III, gigt og langvinnir verkir

**2. Klínískt nám:**

Sjúkraþjálfaranemar koma í þrjú 7-8 vikna verkleg námstímabil á Reykjalund á ári hverju. Þau eru oftast 3-4 í einu og undantekningartilvikum 5. Á árinu 2019-2020 var verklegri kennslu þannig háttar:

**a. Klínískt nám III:**

September til nóvember, samtals 7 vikur.  
*3 nemar á 5. ári á Reykjalundi*

**b. Klínískt nám IV:**

Janúar til febrúar, samtals 7 vikur  
*4 nemar á 5. ári á Reykjalundi*

**c. Klínískt nám II:**

Mars til maí, samtals 8 vikur  
*4 nemar á 4. ári á Reykjalundi*

**d. Hópþjálfun:**

Apríl til maí, samtals 3 vikur  
*3 nemar á 3. ári á Reykjalundi*  
*(Var svona á þessu ári og verður áfram).*

**e. Klínískt lokapróf:**

Febrúar til mars, 2 vikur  
*Tökum 4-5 nema á Reykjalund í lokapróf á 5. ári*

**f. Mælingar í sjúkraþjálfun:**

3 dagar í mars  
*Tökum 2-4 nema á Reykjalund á öðru ári.*

### **3. MS nám:**

Á síðasta námsári var hér einn nemandi í 30 ECTS verkefni (MS sjúkraþjálfun). Á næsta ári er ráðgert að hingað komi 3 nemendur, hver og einn í 30 ECTS verkefni. Þeir eru MS nemar í sjúkraþjálfun og eru sjúkraþjálfarar Reykjalundar leiðbeinendur en rannsóknarstjóri RL umsjónarkennari.

### **Félagsráðgjafar:**

Félagsráðgjafar annast verklega kennslu 1-2 nema í félagsráðgjöf frá HÍ, sem eru á síðasta ári í MA námi sínu til starfsréttinda, yfirleitt 2 félagsráðgjafarnemar í einu. Þeir hafa komið á Reykjalund í 14 vikna starfsþjálfun á vorönn. Stundum hafa komið nemar á fyrsta ári í 5 vikna starfsþjálfun á haustönn.

### **Hjúkrunarfræðingar:**

Hjúkrunarfræðingar annast verklega kennslu hjúkrunarnema bæði frá HÍ og HA. Frá HÍ koma misjafnlega margir nemar og á síðasta ári alls 16. Nemar á 3. ári eru yfirleitt í verknámi á Reykjalundi í 3 vikur. Eru að nota Reykjalund á 2 námskeiðum: HJÚ620G klínísk hjúkrun langveikra fullorðinna og HJÚ617G klínísk geðhjúkrun.

Á haustönn 2019 er von á 4 nemum frá HA.

### **Sálfræðingar:**

Sálfræðingar Reykjalundar annast stundakennslu í HÍ auk verklegrar kennslu á Reykjalundi:

1. Kennsla og handleiðsla meistarana í sálfræði í starfsþjálfun á Reykjalundi
2. Eru leiðbeinendur með BS og MS verkefnum sálfræðinema sem unnin eru á Reykjalundi

Sálfræðinmar frá HÍ koma í verklegt nám á Reykjalund, 1-2 nemar á haustönn frá september til desember fjóra daga í viku, alls 100 stundir í beinum kontakt við skjólstæðinga.

Auk þessa eru ca. sex nemar frá HR á hvorri önn (haust og vor) í starfsnámi hjá sálfræðingum Reykjalundar. Eru þeir two daga í viku á hvorri önn í þrjá mánuði.

### **Talmeinafræðingar:**

Forstöðutalmeinafræðingur annast kennslu talmeinafræðinema samkvæmt sérstökum samningi sem Reykjalundur og HÍ hafa gert sín í milli og er fortöðutalmeinafræðingur aðjunkt í talmeinafræði við HÍ. Yfirleitt koma 2-4 nemar á önn, sem eru 25 tíma hver, fyrir utan í langa starfsnáminu aðra hverja vorönn þegar það koma 2-4 nemar í um 160 tíma (4x40 stunda vinnuvikur). Nánar:

1. Flestar annir koma 2-4 nemar (fer eftir því hvort talmeinafræðingur #2 geti tekið nema) í 5 vikna lotu þar sem þeir mæta 2-3x í viku.

2. Á vorönn annað hvert ár koma 2-4 nemar í eins mánaðar starfsnám.
3. Aðra hverja haustönn er starfsnám í formi áhorfs þar sem nemendur (alls 15 nemendur) fá að sitja inni í meðferðartínum í 2-3 manna pörum (7 eftirmiðdagar á önninni).

#### Næringarráðgjafar:

BS nemar koma í eina heimsókn á önn hópurinn, sem fær kynningu ca. 3 klst., í tengslum við námskeiðið Næringarmeðferð og sjúkdómafræði, NÆR606. MS nemar hafa verið að koma í 6 vikur, eftir samkomulagi, hámark einn í einu, í tengslum við starfsnám NÆR802.

#### Rannsóknarstjóri Reykjalundar:

Rannsóknarstjóri er jafnframt lektor í lífeðlisfræði við Læknadeildina og tilheyri Lífeðlisfræðistofnun. Hún hefur verið umsjónarkennari með nemendum í rannsóknarverkefnum. Flest verkefnin sem hafa verið unnin á Reykjalundi eru þannig að starfsmenn eru leiðbeinendur því umsjónarkennari þarf að hafa fasta akademísku stöðu við Háskólanum sem verkefnið er unnið hjá. Starfsmenn Reykjalundar eru formlega skilgreindir sem leiðbeinendur og þannig sýnilegir (á ritgerðunum).

Hingað hafa komið nemendur í rannsóknarverkefnum frá Læknadeildinni. Verkefnin eru misstór og taka þar með mislangan tíma. Gert er ráð fyrir að hvert misseri í HÍ séu 30 ECTS (einingar). Verkefnin hafa verið á bilinu 30-95 ECTS.

Á síðasta námsári var hér einn nemandi í 30 ECTS verkefni (MS sjúkraþjálfun). Á næsta ári er ráðgert að hingað komi 4 nemendur, hver og einn í 30 ECTS verkefni. 3 eru MS nemar í sjúkraþjálfun og einn BS nemi í læknisfræði.

Yfirlit yfir þá nemendur sem tekið hafa rannsóknarverkefni á Reykjalundi undir leiðsögn starfsmanna eru á heimasíðu Reykjalundar:

<https://www.reykjalundur.is/visindi/nemaverkefni-lokid/>

Ekki er búið að setja inn þá nemendur sem luku verkefnum núna í vor, en þeir eru líklegast 3 (2 í sálfræði MS og 1 í sjúkraþjálfun MS).

Þarna kemur fram að alls hafa **37** nemendur lokið meistaránámsverkefnum á Reykjalundi:

16 sálfræðinemar

3 hjúkrunarfræðinemar

4 nemar í lýðheilsufræðum

2 næringarfræðinemar

12 nemar í mismunandi greinum (lífvísindum, talmeinafræði, sjúkraþjálfun, heilsuhagfræði o.fl.)

Einnig hefur alls **21** nemandi lokið BS verkefni á Reykjalundi:

9 sálfraðinemar

5 iðjuþjálfunarnemar

2 hjúkrunarfraðinemar

5 nemendur í mismunandi greinum

Allt í allt eru þetta því  $3 + 37 + 21 = 61$  nemandi sem hefur lokið rannsóknarverkefni á Reykjalundi sem hluta af sínu námi við HÍ, HR eða HA.

Heilsupjálfarar fá nema 2-4 á ári frá HR, en ekki hafa komið nemar frá HÍ undanfarin 2 ár. Áður komu nemar í íþróttáfræði (BS) og tómstunda- og félagsmálafræðum og voru yfirleitt hér í 3 vikur.

Iðjuþjálfar annast bóklega og verklega fræðslu háskólanema frá HA. Iðjuþjálfanemar hafa komið alls fjórum sinnum á ári í vettvangsnám, 2 nemendur hverju sinni, samkvæmt eftirfarandi skema:

### **Vettvangsnám I**

Febrúar til mars, samtals 4 vikur

2 nemendur sem eru á 2. ári í námi.

### **Vettvangsnám II**

Október til nóvember, samtals  $5\frac{1}{2}$  vika

2 nemendur á 3. ári í námi.

### **Vettvangsnám III**

Ágúst til október, samtals 7 vikur

2 nemendur á 4. ári í námi

### **Vettvangsnám IV**

Janúar til febrúar, samtals  $7\frac{1}{2}$  vika

2 nemendur á 4. ári í námi

Vegna breytinga á vettvangsnámi í iðjuþjálfun og iðjuþjálfunarfræðum verður einhver breyting á þessari tilhögun á næsta ári, en umfangið mun ekki minnka heldur mögulega aukast eitthvað.